

F U N D A R G E R ð

26. ágúst 2019

Fundur stjórnar, haldinn að Stjörnugróf 31.

Mættir: Karl Þráinsson, Eyþóra Hjartardóttir, Elfa Þöll Grétarsdóttir og Unnur Björnsdóttir.

Fundarefni:

1. Aðalfundur haust 2019

Stefnt að því að halda aðalfund FFF kl. 17:15 þriðjudaginn 24. september nk. Skoða „innslag“ á aðalfundi. Eitthvað létt og skemmtilegt til viðbótar við hefðbundin aðalfundarstörf. => **UB kannar málið.**

Klára drög að nýjum starfsreglum félagsins en núverandi reglur eru barn síns tíma => **EHj. klárar drög og sendir stjórn.**

2. Tónlistarkennsla í skólanum

Skólinn er opinn fyrir þá aðila sem vilja koma með námskeið/nám inn í skólann. Starfsemin leigir þá húsnæði af skólanum hverju sinni. Kanna vilja foreldra til að fá slíkt inn í skólann. Auglýsa fyrir foreldrum að húsnæðið sé í boði. Áður stóð nemendum til boða píanókennsla en svo er ekki lengur. Sl. ár hefur Leynileikhúsið verið með námskeið og kennt á Ukulele hljóðfærið svo eitthvað sé nefnt. FFF hyggst styrkja skólann með hljóðfæragjöf úr „flygilsjóðnum“. Einnig rætt um þráðlausan hátalara og rafmagnspíanó sem myndi nýtast vel á jólaskemmtun skólans sem haldin er utandyra á Battó ár hvert. Einnig hugmyndir um litla/meðalstóra bluetooth hátalara. => **KÞ ræðir við skólastjórnendur og kannar hvað vantar. UB athugar verð.**

3. Bekkjarfulltrúafundur

Stefnt að því að halda aftur svona fund. Fá einhvern úr foreldrafélagi annars „teymiskennsluskóla“ til að koma og segja frá því hvernig hefur gengið að bæta foreldrasamstarfið. Hvað hefur gengið vel og hvað hefur gengið illa. **KÞ ræðir við Sirrý hjá SAMFOK og kannar hvort hún komist á fundinn eða Maríu hjá Rannsókn og greiningu.**

Stefnt að fundi þann 10. október nk. kl. 17:00.

Ræða kaup á skreytingum fyrir Hrekkjavöku og hugmyndir um fræðslu til að fylla upp í skerta daga.

4. Hrekkjavökusamvera árganga

Hefur verið misjafnt eftir árgöngum hvernig hafi gengið að setja upp Hrekkjavökusamveru fyrir börnin. Fá nokkra foreldra með okkur í lið til að fá

Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

hugmyndir um stuðning FFF við þetta. Hefur vantað skreytingarefni fyrir salinn. FFF kaupir pakka af skreytingum sem árgangar geta notað og sett upp í sal fyrir samveruna.

5. Jólafundur

Kvistaborg stefnir á piparkökumálun 23. nóvember. **KP hefur samband við leikskólastjóra eða formann foreldrafélags Kvistaborgar og kannar hvort leikskólinn sé til í að færa þetta yfir á 30. nóvember.** FFF vill gjarnan hafa þetta þá.

Í boði verði:

Styttumálun

Piparkökumálun

Kaffi- og kökusala 7. bekkjar (fjáröflun).

Ekki brjóstsykurgerð þetta árið en áhöld eru til hjá Bústöðum og upplagt fyrir bekkjarfulltrúa að skipuleggja slíkt með árgöngum.

GLS setji sig í samband við birgjana og panti núna.

Ekki panta málninguna á sama stað. Skoða hvað er til af litum og penslum í geymslunni. Kaupa acryl liti í A4 eða í ABC leikföng.

6. Betri bústaðir

Spennandi verkefni í fullum gangi. Vantar nálgun við foreldra. **EPG heldur utan um þetta eins og önnur fræðslu- og forvarnarmál FFF.**

Áfram verði boðið upp á fræðslu frá Magnúsi Eiríks í 5. bekk eins og verið hefur undanfarin ár.

Í skoðun hvort verkefnið fá sérstaka heimasíðu hjá Borginni. Hanna þarf „logo“ fyrir verkefnið. Skoða hvort unnt sé að halda slíka samkeppni meðal nemenda í Réttó undir handleiðslu myndmenntakennarans þar. => **EPG kannar þetta betur.**

7. Skólaráðsfundur

Fundur þann 28. ágúst nk. Rætt verður um húsnæðismálin og bókasafn skólans.

8. Fræðsla til að fylla upp í skerta daga.

Ræða á bekkjarfulltrúafundinum. Fá þá með okkur í þetta og hugmyndir og efni frá þeim.

9. Foreldrarölt.

Stjórnir foreldrafélaganna prófuðu í sumar en erfiðlega gekk að manna þetta. Stefnt að því að taka umræðuna þegar öll félög þriggja skólanna eru búin að halda sína aðalfundi og manna stjórnir næsta skólaárs. FFF er hlynnt foreldraröltinu og tilbúin að leggja sitt af mörkum og styðja við verkefni en ljóst að unglingaskólinn í hverfinu (Réttó) verður að leiða verkefnið og stýra því. => **Umræðu frestað.**

Stefnt að næsta fundi stjórnar FFF þriðjudaginn 17. september nk

Undirbúningur aðalfundar og tiltekt í geymslu FFF.

Fundargerð ritaði EHj.